

# 9. bekkur stærðfræði

---

Kennarar: Petra Landmark Guðmundsdóttir

## Lýsing

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar er notað við stærðfræðileg viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð þjálfuð við beitingu stærðfræðilegra viðfangsefna; tölur og talnareikning, algebru, rúmfræði og mælingar og tölfræði, og líkindi. Í stærðfræði eru unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

## Markmið

Markmiðið er að læra að beita tungumáli og verkfræði stærðfræðinnar. Fylgt verður markmiðum aðalnámsskrár.

## Námsefni

Skali 2A nemendabók og æfingabók

Skali 2B nemendabók og æfingabók

Ítarefni frá kennara

## Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Innlögn

Lausnleitarnám

## Námsmat

Námsmat mun fara fram með símati: könnunum og verkefnum.

### Stærðfræði fyrir 8.-10. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Stærðfræði fyrir 8.-10. bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Sett upp, túlkað og gagnrýnt stærðfræðilegt líkan af raunverulegum aðstæðum. Það getur m.a. falið í sér reikning, teikningar, myndrit, jöfnur og föll.

### Stærðfræði fyrir 8.-10. bekk - Tölur og reikningur

- Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru.

### Stærðfræði fyrir 8.-10. bekk - Algebra

- Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.

### Stærðfræði fyrir 8.-10. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Mælt ummál, flöt og rými, reiknað stærð þeirra og útskýrt hvað felst í mælihugtakinu.